

Öflugt samstarf óskast!

Félag heyrnarlausra er hagsmunafélag heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi og hefur starfað frá árinu 1960. Verður því félagið 60 ára þann 11 febrúar 2020.

Markmið félagsins er að standa vörð um réttindi heyrnarlausra og tryggja að þeir njóti jafnræðis hvarvetna í samfélaginu á grundvelli táknmáls. Einnig vinnur félagið að því að styrkja stöðu íslenska táknmálsins, móðurmáls heyrnarlausra, auk þess að vinna að forvarnarverkefnum í geðheilbrigðismálum heyrnarlausra.

Heyrnarlausir hafa mátt heyja langa og erfiða réttindabaráttu og lengi þurftu þeir að þola mismunun á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Aðal baráttumál okkar þessi misserin hefur verið að berjast fyrir aðgengi að táknaðstúlkum út í þjóðlífinu og vinnustaðatúlkun. Nú er allur túlkasjóðurinn uppurinn og fá heyrnarlausir ekki túlka síðustu 3 mánuði ársins til að eiga samskipti út á við né á vinnustað. Einnig verða heyrnarlausir fyrir höfnunum um umsóknir í háskóla þar sem þeir treysta sér ekki að kosta túlka í tímum.

Félag heyrnarlausra er með nokkur virk réttindamál á sínum snærum til að tryggja aðgengi okkar fólks um túlkapjónustu og er þessi liður félaginu mjög kostnaðarsamur félaginu. Er það von okkar að fá öflug fyrirtæki í lið með okkur til að samfélagið geti fjárfest í virku og sjálfstæðu heyrnarlausu fólki á vinnumarkaði, með aðgang að vinnustaðatúlkun enda sýna útreikningar að það er mun meira hagræði fyrir þjóðfélagið að hafa heyrnarlausa virka skattgreiðendur á vinnumarkaði í stað þess að vera óvirkir bótaþegar.

Önnur helstu verkefni félagsins eru á árinu 2020

Kostnaðaráætlun:

1. 60 ára afmælishátíð Félags heyrnarlausra
3.000.000
2. Efla menntunarsjóð heyrnarlausra til endurmenntunar og fræðslu til þeirra.
1.000.000
3. Hagsmunamál og réttindabaráttu.
1.800.000
4. Efling á forvarnastarfi með útgáfu myndbandsefnis á táknaði
800.000
5. Efling á atvinnumálum fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta.
2.400.000
6. Efla upptökustudio heyrnarlausra til að efla táknaðsviðmót á vef félagsins
1.200.000
7. Gerð barnaefnis á táknaði
900.000

Það er von okkar að fá öfluga samherja með okkur í lið til að virkja okkar fólk til jafns á við aðra í samfélaginu.